

Ed.

480. Nefndarátt

um frumvarp til laga um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og afhendingu Eiðaeignar til landssjóðs.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og viðkomandi skjöl frá háttvirtri neðri deild.

Er hún sammála um, að rjett sje, eftir atvikum, að mál þetta nái fram að ganga í þessu formi, þar sem Austfirðingafjórðungur hefir að þessu tæpast notið jafnrjettis við hina fjórðunga landsins um styrk úr landssjóði til skólafræðslu.

Hin svonefnda Eiðaeign, sem hjeruð þau, er hægast veitir að nota skólann, leggja fram til stofnunar og rekstrar hans, er allálitleg fjárupphæð, og virðist sist ofhátt metin í greinargerð við frumvarpið. Talsverðar líkur eru því til þess, að þessi breyting á fyrirkomulagi Eiðaskóla verði ekki tilfinnanlegur byrðarauki fyrir landssjóð.

Leggur því nefndin til, að hv. deild samþykki frv.

Alþingi, 15. ágúst 1917.

Guðm. Ólafsson,
form. og framsögum.

Eggert Pálsson.

Magnús Torfason.